

Nd.

774. Frumvarp til laga

[455. mál]

um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er hafi það markmið að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi. Hlutfé félagsins verði að minnsta kosti 200 milljónir króna.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal kveðja innlenda aðila sem áhuga hafa á málinu.

3. gr.

Viðskiptabönkum, váttryggingafélögum, líftryggingafélögum og fjárfestingarlánasjóðum skal, þrátt fyrir ákvæði í lögum sem hamla eða banna þessum aðilum hlutabréfakaup í eigin nafni, heimilt að gerast hluthafar í hlutafélagi því sem stofnað verður samkvæmt 1. gr.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi sem ræðir um hér að framan:

1. Að leggja fram í reiðufé 100 milljónir króna sem hlutfé í félagi samkvæmt 1. gr. Ef nauðsynlegt reynist til þess að náð verði því lágmarkshlutfé sem greinir í 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að leggja fram sem hlutfé allt að 100 milljónum króna til viðbótar framangreindu 100 milljóna króna framlagi. Framlag ríkissjóðs skal tekið af fé ríkissjóðs eða af lánsfé sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.
2. Að veita einstaklingum og félögum í atvinnurekstri lán til allt að fjögurra ára til kaupa á hlutabréfum í hlutafélagi skv. 1. gr. Skal heimilt að lána af fé ríkissjóðs eða af lánsfé, sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni, til greiðslu á allt að helmingi hlutafjárloforða þessara aðila enda séu boðnar fram fullnægjandi tryggingar. Lánin skulu vera verðtryggð og bera venjulega vexti.
3. Að taka lán að fjárhæð samtals allt að 200 milljónum króna og endurlána hlutafélagi skv. 1. gr. án sérstakra trygginga til 5 — 7 ára og að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánum er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar að fjárhæð samtals allt að 300 milljónum króna eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

5. gr.

Hlutabréf í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skulu undanþegin stimpilgjöldum.

6. gr.

Forsætisráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélagi samkvæmt 1. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í byrjun september 1984 gerðu stjórnarflokkarnir með sér samkomulag um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum. Í samkomulaginu sagði m. a. í kafla um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis: „Stofnað verði sérstakt fyrirtæki (þróunarfélag) ríkis, banka, almennings og aðila í atvinnurekstri til að greiða fyrir nýskipan í atvinnulífinu.“

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var þann 24. október 1984 til þess að hafa yfirumsjón með undirbúningi tillagna og gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis. Í nefndinni áttu sæti: Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, formaður, Friðrik Sophusson alþingismaður, Stefán Guðmundsson alþingismaður og Valur Valsson bankastjóri. Með nefndinni hafa starfað þeir Baldur Guðlaugsson hrl., Eiríkur Tómasson hrl. og Gunnlaugur Sigmundsson, deildarsjóri og síðar framkvæmdastjóri, en hann var ritari nefndarinnar.

Með frumvarpi þessu er aflað lagaheimildar til þess að ríkisstjórnin hafi forgöngu um og leggi fram hlutafé í hlutafélag er hafi það markmið að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi. Þá miðar frumvarpið að því að greiða fyrir sem víðtækastri þátttöku annarra aðila í hlutafélaginu, annars vegar með því að lögfesta heimild til handa viðskiptabönkum, váttryggingafélögum, líftryggingafélögum og fjárfestingarlánasjóðum til þess að gerast hluthafar í hlutafélaginu og hins vegar með því að heimila ríkisstjórninni að veita einstaklingum og félögum í atvinnurekstri lán til allt að fjögurra ára til kaupa á hlutabréfum í umræddu hlutafélagi. Loks er með frumvarpinu veitt heimild til þess að ríkisstjórnin láni hlutafélaginu allt að 200 milljónum króna án sérstakrar trygginga til 5 — 7 ára verði eftir því leitað af félagsins hálfu eftir að það hefur starfsemi og/eða veiti ríkisábyrgð fyrir láni eða lánnum er hlutafélagið kynni að vilja taka til starfsemi sinnar að fjárhæð samtals allt að 300 milljónum króna eða jafnvirði þess í erlendri mynt. Láns- og ábyrgðarheimildin miðar að því að skapa hlutafélaginu aukna möguleika á að rækja hlutverk sitt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—4. gr.

Með 1. gr. er ríkisstjórninni falið að hafa forgöngu um stofnun hlutafélags þess er þar um ræðir og skal hún kveðja þá innlenda aðila, sem áhuga hafa á málinu, til samvinnu um stofnun og starfrækslu félagsins, sbr. 2. gr. Í 1. gr. er áskilið að hlutafé félagsins verði að minnsta kosti 200 milljónir króna. Ríkið mun leggja fram 100 milljónir króna sem hlutafé, sbr. 1. málslíð 1. tl. 4. gr. frumvarpsins. Ákvæðum 3. gr. og 2. tl. 4. gr. frumvarpsins er ætlað að stuðla að víðtækri þátttöku annarra í félaginu þannig að áskilið lágmarkshlutafé náist án frekara framlags ríkisins. Ríkisstjórnin mun í sama skyni enn fremur beita sér fyrir því að stofnsamningur hlutafélagsins geymi ákvæði um að greiðsla hlutafjárloforða dreifist á tvö ár og samþykktir hlutafélagsins geymi ákvæði þess efnis að engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf félagsins og ársreikningar þess séu öllum aðgengilegir þannig að einstaklingar, sem kaupa hlutabréf í félaginu geti dregið kaupverð þeirra frá skattskyldum tekjum sínum innan lögleyfðra marka, sbr. lög nr. 9/1984, enda séu hluthafar í félaginu þá a. m. k. 50 talsins. Safnist ekki 200 milljóna króna lágmarkshlutafé þrátt fyrir það sem nú er rakið

geymir 2. málsliður 1. tl. 4. gr. heimild til handa ríkisstjórninni til þess að leggja fram viðbótarhlutafé þannig að lágmarkshlutafé verði náð.

Með viðskiptabönkum er í 3. gr. frumvarpsins bæði átt við banka í eigu ríkisins, aðra en Seðlabanka Íslands, og einkabanka í hlutafélagsformi. Með váttryggingafélögum og líftryggingafélögum er í 3. gr. frumvarpsins átt við innlend félög sem lög nr. 50/1978, um váttryggingarstarfsemi, taka til. Með fjárfestingarlánasjóðum er í 3. gr. frumvarpsins átt við sjóði þá sem stofnaðir hafa verið með lögum til að efla framleiðslu og framleiðni í atvinnulífinu með veitingu stofn- og fjárfestingarlána.

2. tl. 4. gr. frumvarpsins tekur ekki til þeirra aðila sem um er fjallað í 3. gr. frumvarpsins.

Þar sem frumvarpið byggir á því að ríkið verði einungis einn af mörgum hluthöfum í nefndu hlutafélagi og að stofnun og starfsemi hlutafélagsins verði í samræmi við ákvæði almennra hlutafélagalaga er ljóst að t. d. nafn hlutafélagsins og nákvæm skilgreining á tilgangi þess verða ekki ákveðin fyrr en á stofnfundi hlutafélagsins. En ríkið mun beita sér fyrir að skilgreining stofnsamnings og samþykka hlutafélagsins á tilgangi þess verði á þessa leið:

„Tilgangur félagsins er að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi.

Í samræmi við þennan tilgang skal félaginu m. a. heimilt:

1. Að láta gera og fjármagna eða taka þátt í gerð og fjármögnun forkannana og hagkvæmnisathugana.
2. Að eiga frumkvæði að og/eða taka þátt í stofnun, endurskipulagningu og sameiningu fyrirtækja.
3. Að kaupa hlutabréf og/eða skuldabréf atvinnufyrirtækja.
4. Að útvega eða veita áhættulán eða ábyrgðir vegna stofnunar, rekstrar og þróunar fyrirtækja.
5. Að taka þátt í og/eða styrkja hagnýtar rannsóknir á nýjungum í atvinnulífi og tilraunir með þær og aðstoða við öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra.
6. Að hafa frumkvæði að samvinnu innlendra og erlendra fyrirtækja í markaðsmálum, vöruþróun og á tæknisviði.
7. Að taka lán til eigin þarfa og til endurlána.

Í öllu starfi félagsins skal að því stefnt að unnt verði að hagnýta árangurinn af starfsemi félagsins í atvinnurekstri og að félagið fái þá tilkostnað sinn að fullu greiddan, svo sem með hlutafé eða á annan hátt.

Nú eignast félagið hlutabréf í fyrirtækjum og skal félagið þá selja slík hlutabréf jafnskjótt og aðstæður leyfa.“

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að forsætisráðherra fari með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélagi skv. 1. gr. Í því felst og að forsætisráðherra fari með fyrirvar ríkisins að því er varðar forgöngu um og undirbúning að stofnun nefnds hlutafélags.

Um 7. gr.

Parfnast ekki skýringa.